

Nd.

853. Nefndarálit

[299. mál]

um frv. til l. um jöfnunargjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Fulltrúar stjórnarflokka-anna í nefndinni vilja samþykkja frumvarpið, en við, sem skipum minni hl., viljum fella það.

Samkvæmt frv. er lagt til að upp verði tekið nýtt innflutningsgjald — 3% — á svonefndar EFTA-vörur, þ. e. a. s. vöruflokka sem innflutningstollar hafa verið lækkaðir á í samræmi við EFTA-samning og viðskiptasamninginn við Efnahagsbandalagið. Talið er að gjald þetta muni nema um 1080 milljónum króna á ári og leiða af sér hækkun verðlagsvísitölu um 0.7—1%. Samkv. frv. er gert ráð fyrir, „að hluti“ af gjaldinu eigi að renna til eflingar iðnþróunar. Ljóst er þó, að verulegur hluti gjaldsins á að renna í ríkissjóð.

Minni hl. viðurkennir réttmæti þess, að ríkissjóður endurgreiði svonefndan uppsafnaðan söluskatt í því skyni að jafna samkeppnisaðstöðu iðnaðarins. Frv. fjallar hins vegar ekki um endurgreiðslu ríkissjóðs á ofinnheimtum söluskatti, heldur það að lagt verði á nýtt innflutningsgjald, sem óhjákvæmilega mundi leiða til verðlagshækkana og síðan kaupgjaldshækkunar sem að sjálfsögðu yki á útgjöld iðnaðarins eins og annars atvinnurekstrar.

Minni hl. er andvígur frv. og leggur til að það verði fellt.

Alþingi, 2. maí 1978.

Lúðvík Jósepsson,
frsm.

Gylfi Þ. Gíslason.